Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogs

Kópavogi, 27. maí 2024
2208460/308.00 JLÓ

Efni: Svar við fyrirspurn jafnréttis- og mannréttindaráðs frá 29.4.2024.

Á 106. fundi jafnréttis- og mannréttindaráðs var bókað að ráðið óski eftir upplýsingum um hvort Kópavogsbær sé með áætlun gegn kynbundnu ofbeldi eða hyggst taka hana upp. Einnig að óskað væri eftir upplýsingum um hvaða áætlun Kópavogsbær hefur í forvarnarstarfi gegn kynbundnu ofbeldi.

Á velferðarsviði er ekki í gildi sérstök áætlun um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi.

Styrkir
Árlega veitir velferðarráð Kópavogs styrki til Stígamóta, Kvennaráðgjafarinnar, Samtaka um kvennaathvarf og Bjarkarhlíðar sem allt eru frjáls félagasamtök sem með einum eða öðrum hætti koma að þjónustu við fólk sem hefur orðið fyrir kynbundnu ofbeldi. Ráðgjafar velferðarsviðs og Barnaverndarþjónustu Kópavogs eiga síðan í samstarfi við Kvennaathvarfið og Bjarkarhlíð eftir atvikum í tengslum við vinnslu mála skjólstæðinga sviðsins.

Saman gegn ofbeldi
Velferðarsvið tekur þátt í samstarfsverkefni lögreglunar á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélaganna Garðabæjar og Hafnarfjarðar um átak gegn heimilisofbeldi sem hófst árið 2015. Yfirskrift verkefnisins er „Saman gegn ofbeldi“ en markmið samstarfsins er að auka við þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á heimilisofbeldismálum í því skyni að tryggja öryggi íbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.

Bætt samstarf sveitarfélaganna felst í sameiginlegri bakvakt barnaverndar í sveitarfélögunum þremur sem sinnir útköllum vegna heimilisofbeldismála utan dagvinnutíma. Þá eru verklagsreglur vegna heimilisofbeldismála samræmdar milli sveitarfélaganna og staðið fyrir sameiginlegri fræðslu og fræðslufundum fyrir starfsfólk.

Bætt samstarf lögreglu og starfsfólks Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar felst í því að á dagvinnutíma fer starfsmaður barnaverndar eða félagsþjónustu, fyrir 18 ára og eldri, í viðkomandi sveitarfélagi í útkall með lögreglu vegna heimilisofbeldis. Utan dagvinnutíma fer starfsmaður sameiginlegrar bakvaktar barnaverndar í sveitarfélögunum þremur með lögreglu í útkall ef barn er á heimili. Hann fer einnig á vettvang þó ekkert barn sé á heimilinu ef þolandi óskar eftir þjónustu félagsráðgjafa. Á dagvinnutíma mætir félagsráðgjafi með þolanda á lögreglustöð vegna skýrslutöku og veitir stuðning ef þörf er á. Málum á að fylgja eftir með símtali og eftirfylgniheimsókn.

Forvarnir meðal barna og ungmenna
Fulltrúar velferðarsviðs eru einnig þátttakendur í aðgerðum sem tengjast innleiðingu þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025. T.d. vegna stofnunar og starfsemi forvarnarteyma grunnskóla o.fl. aðgerðum.

Virðingarfyllst
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri og staðgengill sviðsstjóra

Rafræn skilríki

Undirritað af: Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Kennitala:
Tími: 28.05.2024 15:56
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign